

Föstudaginn 26. apríl 1996.

Nr. 47/1996.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Valdimar Þór Ólafssyni og**Magnúsi Þór Bjarnasyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Áfengislög. Tilraun. Upptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari.

Málinu var að fengnu leyfi áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærðu og ákærvalds með stefnu 22. janúar 1996. Vísa báðir ákærðu til a-, b- og c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum ákærvaldsins, en til vara, að refsing verði milduð. Þeir krefjast enn fremur málsvarnarlauna.

Ákærvaldið krefst þess, að refsing ákærðu verði þyngd og ákvæði héraðsdóms um upptöku áhalda til áfengisgerðar verði staðfest. Þess er jafnframt krafist, að ákærðu verði dæmdir til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins.

I.

Málavextir eru raktir í hinum áfrýjaða dómi. Þar er því lýst, að ákærði Valdimar Þór tók á leigu bílskúr að Lyngási 10 í Garðabæ, og voru báðir ákærðu þar, þegar lögregla kom á vettvang að kvöldi 18. ágúst 1995. Er ákærðu urðu lögreglunnar varir, helltu þeir úr öllum ílátum, sem innan dyra voru, og skoluðu þau með því að sprauta vatni yfir. Fengu lögreglumenn ekki stöðvað gerðir þeirra, þar eð ákærðu höfðu læst dyrum og sinntu ekki skipunum um að opna. Reisa ákærðu sýknukröfu sína einkum á því, að ósannað sé, að vökvi sá, sem hellt var niður, hafi verið áfengi samkvæmt skilgreiningu 1. mgr. 2. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Með því að lögur sá, sem var í tveimur stórum kerum, hafi ekki innihaldið áfengisstyrkleika umfram leyfileg mörk, beri að sýkna ákærðu.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 18. ágúst 1995 skýrði ákærði Valdi-

mar Þór svo frá, að ætlun sín hefði verið sú að eima gamba og selja landa, sem hann framleiddi. Kvað hann meðákærða hafa verið sér til aðstoðar. Var framburður ákærða Magnúsar Þórs hjá lögreglu mjög á sömu lund, eftir að hann hafði þó í upphafi neitað því, að um ólöglega framleiðslu áfengis hefði verið að ræða. Við yfirheyrslur fyrir dómi breyttu ákærðu framburði sínum og neituðu öllum sakargiftum. Staðhæfðu þeir, að það, sem hellt var niður úr stóru kerunum, hefði verið vatn eða vatn og sykur. Tilgangur þeirra hefði ekki verið sá að framleiða áfengan drykk. Er framburði þeirra lýst í héraðsdómi.

Í skýrslum lögreglumanna, er fóru á staðinn, kemur fram, að megn lykt af landa hafi verið á vettvangi. Fannst þar jafnframt mikið af umbúðum undan efnum til áfengisgerðar. Töldu þeir lögreglumenn, sem komu fyrir dóm, augljós ummerki um ólöglega áfengisframleiðslu hafa verið í bílskúrnum, auk þess sem viðbrögð ákærðu, er þeir urðu lögreglumanna varir, bendi til hins sama. Þykir vera ljóst, að hér hafi verið stefnt að bruggun áfengis með ílögnum í tvö stór keröld og að sönnun liggi einnig fyrir um magn þess vökva, sem í þeim hafði staðið, eins og í héraðsdómi greinir. Eru skýringar ákærðu fyrir dómi um iðju sína í bílskúrnum og hvað fyrir þeim hafi vakað, haldlausar með öllu og fráleitar.

Eins og málið liggur fyrir, er óvíst, hver áfengisstyrkur hafi verið í vökva þeim, sem ákærðu helltu niður úr nefndum keröldum. Framburður þeirra fyrir lögreglu fól ekki í sér játningu á því, að áfengisstyrkur hefði þegar á því stigi verið orðinn svo mikill, að þeir hafi gerst sekir um ólöglega framleiðslu áfengis, en samkvæmt lögregluskýrslum sögðust ákærðu hafa lagt í keröldin sama dag og aðgerðir lögreglu fóru fram. Fyrir dómi héldu þeir hinu sama fram um það atriði. Verður að leggja það til grundvallar í málinu.

Við rannsókn í bílskúrnum fundu lögreglumenn meðal annars 228 tóma plastbrúsa, sem rúma einn lítra hver. Sýndu ummerki, að hellt hafði verið úr hluta þeirra. Í lögregluskýrslum kemur fram, að úr ílátum þessum hafi lagt megna landalykt. Var safnað saman dreggjum, sem enn leyndust í nokkrum þessara brúsa, samtals um hálfum lítra. Leiddi mæling á þessum vökva í ljós, að áfengisstyrkur fór langt fram úr leyfilegum mörkum. Hafa ákærðu viðurkennt, að landi hafi verið í þessum brúsum, en hann hafi verið framleiddur

annars staðar. Er ákærðu ekki gefið að sök í ákæru að hafa framleitt þennan landa, og reynir því ekki á sönnunargildi mælingar á áfengisstyrk hans.

Þótt aðstæður bendi til, að áfengisbruggun í bílskúrnum hafi verið komin á veg, þykir gegn neitun ákærðu ekki vera fram komin fullnægjandi sönnun um annað en tilraun til áfengisframleiðslu. Í áfengislögum er ekki að finna ákvæði um refsiverða tilraun til að framleiða áfengi. Verða báðir ákærðu sýknaðir af sakargiftum, sem getur í I. kafla ákæru.

II.

Ákærði Valdimar Þór hefur gengist við því að eiga öll þau ílát og tæki, sem fundust í bílskúrnum og ætluð voru til áfengisgerðar. Eru sannaðar þær sakargiftir á hendur honum, sem greinir í II. kafla ákæru, og mótmælir hann ekki kröfum ákæruvalds um upptöku þeirra. Er brot hans réttilega heimfært til refsíákvæða. Verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um upptöku allra þeirra íláta og tækja, sem þar getur. Þykir refsing ákærða Valdimars Þórs hæfilega ákveðin 200.000 króna sekt í ríkissjóð. Vararefsing ákveðst varðhald í 35 daga. Verður honum jafnframt gert að greiða sakarkostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Ákærði Magnús Þór verður sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds í málinu. Er jafnframt tekin til greina krafa hans um greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði Magnús Þór Bjarnason skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Ákærði Valdimar Þór Ólafsson greiði 200.000 króna sekt í ríkissjóð. Komi 35 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu þessa dóms.

Niðurstaða héraðsdóms um upptöku skal vera öröskuð.

Ákærði Valdimar Þór greiði helming alls sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti á móti ríkissjóði, þar með talinn

helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem samtals ákveðast 50.000 krónur. Hann skal jafnframt greiða saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Magnúsar Pórs í héraði og fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, samtals 30.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 8. desember 1995.

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði gaf út ákæru í máli þessu 15. september 1995, og var málið höfðað með birtingu hennar fyrir báðum ákærðu 26. september. Það var þingfest 4. október sl. og tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 21. nóvember.

Ákærðir eru Valdimar Þór Ólafsson, atvinnulaus, kt. 030573-5879, Hlégerði 7, Kópavogi, og Magnús Þór Bjarnason, atvinnulaus, kt. 160672-4209, Stóragerði 14, Reykjavík. Í ákæruskjali segir, að málið sé höfðað:

„I.

Gegn ákærðu báðum fyrir að framleiða í sameiningu að Lyngási 10, Garðabæ, í ágúst 1995 1900 lítra af gambra, en úr honum hugðust þeir framleiða í söluskyni sterkan áfengisvökva með eimingu.

Telst brot þetta varða við 7. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978 og 2. gr. laga nr. 38/1988.

II.

Gegn ákærða Valdimar fyrir að eiga áhöld þau, sem voru notuð við framleiðslu gambrans og ætluð til frekari áfengisgerðar, án þess að hafa til þess tilskilið leyfi.

Telst brot þetta varða við 2. mgr. 8. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 3. gr. laga nr. 94/1995, sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og að ákærða Valdimar verði jafnframt gert að sæta upptöku, sbr. 8. gr. laga nr. 82/1969, sbr. 3. gr. laga nr. 38/1988, 3. gr. laga nr. 94/1995 og 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, á eftirtöldum áhöldum og ílátum, sem hald var lagt á við rannsókn málsins:

2 stk. 1000 lítra geymar undir gambra,

2 stk. kolasiur með kolum,

tunna, ca. 150 lítra, sem tengd var við eimingartækin,

eimingartæki, ca. 110 lítra,
 40 lítra tankur, sem tengdur var við eimingartækið,
 8 stk. 70 lítra plastbrúsar,
 20 lítra plastbrúsi,
 30 lítra plastbrúsi, sem tengdur var við gambrageymana,
 kælipressa, sem tengd var við suðutækin,
 tvö stykki trektar,
 228 stk. 1 lítra plastbrúsar,
 slöngur, sem tengdar voru milli íláta.“

Sækjandi málsins krafðist þess fyrir dómi, að ákærðu yrðu dæmdir til að greiða hæfileg saksóknarlaun í ríkissjóð.

Verjandi ákærðu krafðist þess, að ákærðu yrðu báðir sýknaðir af refsiskröfum í máli þessu. Hann krafðist þess einnig, að allur sakarkostnaður, þ. m. t. málsvarnarlaun, yrði greiddur úr ríkissjóði.

Frumskýrsla lögreglu.

Frumskýrsla í máli þessu er tímasett 18. ágúst 1995 kl. 20.40. Segir þar, að kl. 18.45 hafi verið tilkynnt um mikla landalykt „frá neðri (svo, vantar líklega: hæðinni) að Lyngási 10“ Garðabæ. Tveir lögreglumenn, Eðvar Ólafsson rannsóknarlögreglumaður og Eggert Ó. Jónsson varðstjóri, hafi farið á staðinn. Á ofangreindum tíma, þ. e. kl. 20.40, hafi þeir óskað eftir aðstoð. Hafi þá aðrir tveir lögreglumenn farið að Lyngási 10, Árni Sigmundsson og Margeir Sveinsson, en hann gerði frumskýrslu. Síðan segir í skýrslunni:

„Lyngás 10 er iðnaðarhúsnæði, og er það á tveimur hæðum. Aðkoma að neðri hæð eða kjallara er frá Skeiðarási. Neðri hæð er skipt í þrjú bil, og eru tvær stórar bílskúrhurðir, sem í eru gluggar, að hverju bili, og er þarna um að ræða miðbilið. Er við komum á staðinn, var mjög mikil gambralykt frá neðri hæð. Einnig voru þeir EÓ og EJ að fá tvo menn, sem voru þar inni fyrir luktum dyrum, til að opna, en þeir neituðu og fóru fram á, að lögreglan kæmi með leitarheimild. Búið var að líma svart plast fyrir glugga, svo að ekki var hægt að sjá inn, en í gegnum bréfalúgu sáuum við bruggtæki og tvo menn vera að hella niður gambra og skola alla hluti með vatni þar innan dýra.

Til að koma í veg fyrir, að þeir næðu að eyða sönnunargögnum, sem þeir voru augljóslega að gera, var ákveðið að brjóta rúðu til að komast þar inn. Var það framkvæmt af 8707 ÁS, og notaði hann til þess stórt vasaljós. Að svo búnu voru þeir Valdimar P. Ólafsson og Magnús Þór Bjarnason handteknir, og voru þeir færðir í handjárn og síðan fluttir á lögreglustöðina ...“ Síðar segir í frumskýrslunni:

„Á vettvangi var bifreiðin R-25417 innan dýra ásamt talsverðu af áhöld-

um, sem nota má til bruggunar, svo sem sjá má í upptalningu. Þeir Valdimar og Magnús náðu að hella niður megni gambrans, og var hann um allt gólf. Í geymum þeim, sem þeir notuðu undir gambrann, mátti merkja far eftir yfirborð gambrans, og samkvæmt því voru geymarnir nánast fullir. Talsverð landalykt var úr öðrum ílátum.“

Síðan er í skýrslunni upptalning á þeim áhöldum, sem greind eru í ákæru og krafist upptöku á. Við 228 stk. af eins lítra plastbrúsum er gerð sú athugasemd, að úr 31 stk. af þeim hafi verið landalykt, en reynt hafi verið að skola þá með vatni. Síðan segir:

„Í bifr. R-25417 voru eftirfarandi tómar umbúðir:

- 5 stk. ílát undir hjartarsalt, og er hvert ílát 200 gr,
- 12 stk. ílát undir hjartarsalt, og er hvert ílát 200 gr,
- 5 stk. ílát undir froðueyði, og er hvert ílát ca. 200 gr,
- 7 stk. sykarpokar, og er hver poki 50 kg,
- 3 stk. sykarpokar, og er hver poki 25 kg,
- 80 stk. sykarpokar, og er hver poki 1 kg,
- 50 stk. gerpokar, og er hver poki 500 gr,
- 12 stk. kolapokar, og er hver poki 2 lítrar.

Í R-25417 fundust nótur, m. a. frá Hagkaupum, Bónusi og frá Efnagerð Laugarness, þar sem sjá má, hvar keyptar hafa verið vörur, sykur, þurrger, hjartarsalt. Nótur þessar fylgja skýrslu þessari. Einnig var hald lagt á möppu með nöfnum og pöntunum ...“

Frammi liggur í málinu skýrsla rannsóknarlögreglumannsins Eðvars Ólafssonar um styrkleikamælingu á landa, dagsett 19. ágúst 1995. Segir í henni, að þá hafi verið mældur styrkleiki landa, sem safnað hafi verið saman úr nokkrum af 31 lítra plastflöskum, sem verið hafi á vesturhorni húsnæðisins í Lyngási 10 og getið sé í lögregluskýrslu. Til mælingarinnar hafi verið notaður Scherf-Glass-alkóhólmælir. Sýnið, sem náðst hafi úr flöskunum, hafi verið rúmur hálfur lítri og styrkleikinn mælst 35% alkóhól. Í skýrslu Eðvars segir enn fremur:

„Þær flöskur, sem sýnishornið náðist úr, lágu á gólfi húsnæðisins í vesturhorni þess, og var greinilegt, að hellt hafði verið úr flöskunum. Síðan hefur verið dælt vatni yfir flöskurnar í þeim tilgangi að skola þær og gólfið, þar sem landanum úr þeim hafði verið hellt niður.

Þetta hefur greinilega verið gert í miklu flaustri, en tapparnir af flöskunum lágu á gólfinu í kringum þær og mismiklar leifar af landa í sumum þeirra.“

Skýrslur ákærðu.

Við þingfestingu máls þessa var þetta bókað eftir ákærðu: „Ákærðu mót-mæla fyrri lið ákæru. Ákærði Valdimar kveðst eiga þau áhöld, sem um er rætt í 2. lið, en neitar að hafa notað þau til framleiðslu áfengis.“

Kvöldið, sem ákærðu voru handteknir, tók Eðvar Ólafsson lögreglufull-trúi af þeim skýrslur. Var fyrst tekin skýrsla af ákærða Magnúsi Þór kl. 22.15. Síðan var tekin skýrsla af ákærða Valdimar Þór kl. 23.40 og svo aftur af ákærða Magnúsi Þór kl. 1.00.

Í skýrslu ákærða Valdimars Þórs segir m. a.: „Mætti viðurkennir að eiga öll þau tæki og ílát, sem voru í húsnæðinu, þar sem hann var handtekinn í kvöld. Hann segir, að vinur sinn, Magnús Þór, hafi aðeins verið að aðstoða sig þarna á staðnum. Mætti kveðst hafa tekið þetta húsnæði á leigu sl. mið-vikudag, 16. 8. sl., en eigandi þess sé maður, sem heiti Guðmundur og mætti veit ekki frekari deili á. Hann viðurkennir að hafa í kvöld lagt í kerin tvö, sem voru í húsnæðinu, en kveðst ekki geta sagt til um það, hversu mikið var í þeim.

Mætti segir, að hann hafi í dag verið að undirbúa að taka landann til meðferðar, en ætlun sín hafi verið að eima gambrann. Hann kveðst hafa smíðað sér eimingartækin, sem voru á staðnum. Mætti segir, að þegar þeir svo urðu lögreglunnar varir í kvöld, hafi þeir í sameiningu hellt niður flögn-inni og „spúlað“ gólfíð með vatni.

Hann kveðst aðspurður hafa keypt 100–200 kg af sykri, sem hann notaði í ílagirnir.

Hann er spurður um bláu brúsana átta, sem voru þarna á staðnum, en úr þeim var megn landalykt. Þá brúsa kveðst hann hafa átt um tíma og notað áður undir landa, en hafa fyrir nokkru bruggað eitthvað af landa á öðrum stað eða heima hjá sér. Hann hafi þá verið handtekinn af lögreglunni í Kópavogi, en áður hefði hann komið þessum brúsum undan, og lyktin úr þeim sé því, síðan þeir voru notaðir undir landa, frá þeim tíma.

Aðspurður segir mætti, að það hafi verið ætlun sín að selja þann landa, sem hann ætlaði að framleiða að Lyngási 10, en ekki verið búinn að ákveða, á hvaða verði hann ætlaði að selja.

Hann kveðst afsala sér eimingartækjunum og stóru bláu 50 lítra brúsun-um, sem voru þarna á staðnum, en ekki gerinu og eins lítra plastflöskunum, sem voru þarna í kössum.“

Framburður ákærða Valdimars Þórs fyrir dómi var mjög á annan veg en fyrir lögreglu. Skýrslunum tveimur bar að vísu saman um það, að hann hefði tekið húsnæðið á Lyngási 10 á leigu 16. ágúst sl. af manni að nafni Guðmundur, sem hann kunni ekki nánar frá að segja. Hann kvaðst að-spurður hafa ætlað að nota húsnæðið til bílaviðgerða. Hann viðurkenndi

og, að hann ætti þau tæki, sem upp eru talin í ákæru, og að þau hefðu verið þarna á staðnum. Hann kvaðst hafa búið eimingartækin til sjálfur og hafa gert það að gamni sínu; hann hefði ætlað að eima í þeim vatn. Hann sagði meðákærða, Magnús Þór, hafa aðstoðað sig við að setja upp eimingartækin, en neitaði, að hann hefði aðstoðað sig við að leggja í áfengislögum, því að það hefði ekki verið gert.

Ákærði sagði, að í geymunum báðum, þ. e. 1000 lítra geymunum tveimur, hefði verið vatn, þegar lögreglan kom, en annars ekkert í tækjunum. Hann var þá spurður, hvers vegna ákærðu hefðu hellt niður þessu „meinta vatni“, þegar lögreglan kom. Hann svaraði, að þá hefði gripið hræðsla, vegna þess að eimingartækin hefðu verið ólögleg.

Ákærði Valdimar Þór kannaðist ekki við þau efni, sem nota má til bruggunar og fundust í bifreið meðákærða, Magnúsar Þórs. Hann neitaði því að hafa verið með í að kaupa þessi efni og kannaðist ekki við reikning eða kassanótur, sem getið er í frumskýrslu lögreglu. Hann neitaði því og, að hann hefði lagt út fyrir efni til bruggunar.

Ákærði Valdimar Þór minntist þess, að breitt hefði verið fyrir glugga á húsnæðinu Lyngási 10. Hann kvaðst hafa gert það til að hafa næði til að vinna.

Ákærði kannaðist ekki við, að geymarnir tveir hefðu verið nær fullir, svo sem segir í frumskýrslu lögreglu, að hafi mátt merkja af fari eftir gambrann. Hann kvað þetta vera rangt.

Ákærði sagði, að vatnið hefði verið sett á kerin tvö tveimur tímum áður en lögregla kom á staðinn. Vatnið hefði numið minna en 1/4 af rúmmáli keranna „eða eitthvað svoléidis“. Í vatninu hefði hvorki verið sykur né ger. Rangt væri, að hann og meðákærði hefðu framleitt 1900 l af gamba, og einnig væri rangt, að þeir hefðu ætlað að framleiða sterkan áfengisvökva.

Ákærði Valdimar Þór var spurður um möppu þá, sem nefnt er í frumskýrslu lögreglu, að fundist hafi í bifreið meðákærða, Magnúsar Þórs. Ákærði Valdimar Þór kvaðst eiga þessa möppu. Í möppu þessari eru mörg nöfn manna ásamt símanúmerum, og á stöku stað eru skráð heimilisföng. Þar stendur t. d. skráð á einum stað: „Óskar 16 L. Bjöggi 8 L. Skuld 3000. Snorri 8 L. 7.200. Diddi 10.000.“ Á öðrum stað er efst á blaðsíðu ritað „Pöntun“. Þar undir eru allmörg nöfn og tölur við, frá 5 og upp í 60, og bókstafurinn L, og hefur verið strikað yfir öll nöfnin og tölurnar og bókstafinn. Lesa má þar t. d.: „Diddi 20. L“, „Svabbi 11. L 1000“ og „Gunni 60 L“. Aftan við síðasta nafnið er, að því er virðist, skráð heimilisfang og símanúmer. Sækjandi spurði ákærða, hvað bókstafurinn L merkti. Ákærði svaraði, að hann þýddi lán, sagði, að þetta væru allt skuldir.

Sækjandi: „Þetta eru mörg hundruð lán, sem sagt.“

Ákærði: „Já, já. Þetta er ekki bara yfir einn mánuð, þetta er yfir mörg ár, sko.“

Pá var ákærði Valdimar Þór spurður, hvað átt hefði að gera við 228 eins lítra plastbrúsa, sem fundust á Lyngási 10.

Ákærði: „Setja bara vatn í þá.“

Sækjandi: „Setja vatn í þá, í hvaða tilgangi?“

Ákærði: „Til að drekka úr þeim.“

Um alkóhólsmælingu Eðvars Ólafssonar lögreglumanns vildi ákærði ekki ræða.

Ákærði Valdimar Þór var spurður, hvers vegna hann hefði játað á sig sakir fyrir lögreglu, sem hann neitaði fyrir dómi.

Ákærði: „Ég var bara hræddur og vildi losna út af lögreglustöðinni.“

Dómari: „Við hvað varstu hræddur?“

Ákærði: „Við að dúsa í fangelsi.“

Nánar spurður af sækjanda sagðist ákærði hafa verið hræddur við að sitja inni um nóttina.

Ákærði Valdimar Þór hélt því fram fyrir dóminum, spurður af verjanda, að hann hefði aldrei sagt fyrir lögreglu, að hann ætlaði að selja þann landa, sem hann ætlaði að framleiða á Lyngási 10. Hann sagði, að vottur hefði ekki verið viðstaddur, þegar hann gaf skýrsluna, og ekki heldur, þegar hún var lesin upp yfir honum.

Svo sem fyrr greinir, var ákærði Magnús Þór Bjarnason tvisvar yfirheyrður af lögreglu eftir handtöku að kvöldi 18. ágúst. Í fyrri skýrslu neitaði hann sök. Þar er m. a. skráð:

„Aðspurður kveðst mætti ekki hafa aðstoðað Valdimar við að hella úr kerunum, þegar þeir urðu lögreglunnar varir í kvöld, en viðurkennir að hafa „spúlað“ gólfíð, þar sem það var óhreint. Hann kveðst ekki vita til þess, að þarna hafi farið fram bruggun eða neitt í þá átt.

Hið eina, sem hann ætti þarna inni, væri bifreið af gerðinni Mazda 2000, sendibíll, og hefði hann verið að lappa upp á bílinn þarna inni í kvöld, þegar lögregluna bar að.

Aðspurður kveðst mætti ekki hafa séð Valdimar hella neinu niður í húsnæðinu í kvöld.

Spurður um það, á hvers vegum umbúðir undan sykri, geri og fleiri efnunum til bruggunar, voru í bifreið hans, kveðst hann ekki geta gert grein fyrir því, þær hljóti að hafa verið þar á vegum Valdimars.“

Í síðari skýrslu ákærða Magnúsar Þórs fyrir lögreglu er þetta skráð:

„Mætti segir nú, að víst hafi hann vitað, hvað fór fram í húsnæðinu að

Lyngáasi 10. Hann segir það rétt, að Valdimar hafi húsnæðið á leigu, og kveðst hafa aðstoðað Valdimar við að koma fyrir eimingartækinu og kerunum, sem þeir svo lögðu í í gær. Hann kveðst ekki geta sagt til um það, hversu mikið var lagt í kerin, það sé alveg í höndum Valdimars. Þá segir hann, að Valdimar hafi lagt út fyrir öllu efninu í bruggunina. Segir hann þá í dag hafa verið að tengja eimingartækin og koma upp síunni. Þeir hafi svo ætlað að fara af staðnum í kvöld, þegar lögreglan kom. Og er þeir urðu hennar varir, hefðu þeir slökkt öll ljós og farið að hella úr kerunum og „spúla“ gólfíð. Þeir hafi svo verið við það, þegar lögreglan kom í húsnæðið.

Aðspurður kveðst mætti hafa verið með Valdimari, þegar hann keypti efnið til bruggunarinnar, en veit ekki, hversu mikið það var.“

Ákærði Magnús Þór neitaði sakargiftum fyrir dómi. Hann sagði, að ákærðu hefðu slökkt ljósin, þegar lögreglumenn komu. Þeir hefðu ekki vitað, hverjir komnir voru, komumenn hefðu ekki kynnt sig og ákærðu ekki viljað hleypa þeim inn.

Ákærði kannaðist við, að hellt hefði verið niður úr kerum. Eitthvað smávegis hefði verið í þeim. „Það var vatn og sykur, held ég, annars þekki ég þetta ekki.“ Hann neitaði því, að sér hefði verið kunnugt um, að þarna hefði verið lagt í brugg til áfengisgerðar. Hann var spurður, hvaða erindi hann hefði átt á staðinn. Hann kvaðst ekkert erindi hafa átt, hann væri bara kunningi meðákærða, Valdimars Þórs.

Ákærði Magnús Þór var spurður um umbúðir þær, sem greint er frá í frumskýrslu lögreglu og fundist hefðu í bifreiðinni R-25417. Hann kannaðist við að eiga bifreiðina og að hún hefði verið inni í húsnæðinu. Hann sagði, að rusl hefði verið í bílnum og umbúðirnar getað verið þar. Ekki sagði hann sykur hafa verið í bílnum nema þá lítillæði, og ekki kvaðst hann muna til, að hjartarsalt eða gerpokar hefðu verið þar og ekki heldur kólakokar. Hann kannaðist við, að hann hefði keypt 10 kg af þurrgeri, 80 kg af sykri og hjartarsalt samkvæmt reikningi og tveimur kassanótum, sem lögreglan fann í bifreið hans. Hann bar, að hann hefði ætlað að nota gerið til að baka úr. Aðspurður um notkun á sykrinum sagði ákærði: „Ja, maður notar nú sykur í margt.“

Undir ákærða voru fyrir dóminum bornar þær tvær skýrslur, sem hann gaf fyrir lögreglu. Sagði hann fyrri skýrsluna rétta, en hina síðari ranga. Þegar hann var spurður, hvers vegna síðari skýrslan væri röng, svaraði hann: „Vegna þess, að þegar ég var tekinn fyrst í skýrslutöku, þá var það, áður en hann [þ. e. rannsóknari, innskot dómara] var búinn að tala við Valdimar. Svo var ég látinn bíða, meðan hann var að tala við Valdimar.

Svo, þegar hann talaði aftur við mig, sagði hann, að Valdimar hefði verið samvinnuþýður, kurteis og játað allt og svona. Og ég sagði bara það, sem hann sagði mér að segja, til að hann leyfði okkur að fara þarna um kvöldið.“

Ákærði kvaðst hafa skrifað undir skýrslur sínar fyrir lögreglu í votts viðurvist, en vottur hefði ekki verið viðstaddur sjálfa skýrslutökuna.

Vitni fyrir dómi báru Eggert Ólafur Jónsson lögregluvarðstjóri, Eðvar Ólafsson lögreglufulltrúi, Árni Sigmundsson lögregluflokksstjóri og lögreglumennirnir Margeir Sveinsson, Einar Ingimundarson og Ægir Eggertsson. Allir tóku þessir menn með einhverjum hætti þátt í aðgerðum lögreglu í Lyngási 10.

Eins og fram kom í frumskýrslu, komu lögreglumennirnir Eggert Ólafur Jónsson og Eðvar Ólafsson fyrstir á vettvang. Í vætti þeirra og vitnanna Árna Sigmundssonar og Margeirs Sveinssonar kom fram, að þeir hefðu séð í gegnum bréflúgur, að ákærðu helltu niður vökva innan dyra. Öll þessi vitni báru um lykt af gambra.

Vitnið Eggert Ólafur Jónsson bar, að þeir Eðvar Ólafsson hefðu orðið varir við tvo menn þarna inni, sem hefðu orðið varir við þá lögreglumennina, því að þeir hefðu byrjað að hella niður vökva. Hann sagði, að þeir lögreglumennirnir hefðu barið og beðið um að komast inn, en ekki verið ansað. Hann kvaðst þess fullviss, að þarna hefði verið gambri í gerjun. Hefði hann t. d. ráðið það af lyktinni. Slíka lykt hefði hann fundið áður. Hann sagði, að rák hefði verið í kerunum tveimur, svo sem 10–15 cm frá barmi. Þar hefði verið froða. Kerin hefðu verið nánast full.

Vitnið Eðvar Ólafsson sagðist hafa verið á bakvakt, þegar hann hefði verið kallaður út og tilkynnt, að mjög mikil lykt bærisk frá Lyngási 10. Hann sagði, að þeir Eggert Ólafur hefðu horft inn um bréflúgur, sína lúguna hvor. Hann, Eðvar, hefði verið með vasaljós og lýst inn um lúguna. Ákærðu hefðu slökkt ljósin inni, þegar þeir lögreglumennirnir kölluðu inn, tilkynntu, að lögreglan væri komin, og báðu um, að opnað yrði. „Við vorum með vasaljós og lýstum inn og sáum, að þeir fóru að skrúfa frá kerum og að úr þeim flóði um allt gólf, og lyktin leyndi sér ekki.“ Sagði vitnið, að lyktin hefði verið „rosaleg“.

Vitnið Eðvar sagði, að kallað hefði verið í lögreglumenn til aðstoðar. Árni Sigmundsson lögreglumaður hefði brotið rúðu, en hann, Eðvar, farið inn. Ákærðu hefðu síðan verið handteknir og gerð vettvangskonunn. Vitnið sagði, að sprautað hefði verið yfir gólfið. Hann bar, að engin sýni hefðu náðst af gambranum og að ekkert lægi fyrir um styrkleika hans.

Um mælingu á alkóhólstyrkleika í áfengisvökva þeim, sem tekinn var úr

eins lítra plastflöskunum, sagði vitnið, að mælirinn, sem notaður var, væri ekki löggiltur. Hann sagðist oft hafa prófað þennan mæli, og hefði hann reynst mjög nákvæmur. Vitnið sagði, að ekki hefði leynt sér á lyktinni, að um landa hefði verið að ræða.

Um skýrslutökur af ákærðu sagði vitnið Eðvar, að vottur hefði ekki verið viðstaddur, meðan sjálf skýrslutakan fór fram, en skýrslur hefðu verið lesnar upphátt að votti viðstöddum og undirritaðar. Vitnið kannaðist ekki við að hafa sagt ákærða Magnúsi Þór, hvað ákærði Valdimar Þór hefði sagt í sinni skýrslu. Vitnið fullyrti, að áreiðanlega væri ekkert haft eftir ákærða Valdimar Þór í skýrslu hans, sem ekki hefði verið borið undir hann.

Vitnið Margeir Sveinsson bar, að hann hefði fundið mikla gambralykt, þegar hann kom á vettvang. Hann kvaðst hafa fundið lykt af gambra áður og verið viss um, hvað þetta var. Hann kvaðst hafa séð rákir í kerunum á að giska 15–20 cm frá barmi. Vitnið samdi frumskýrslu lögreglu og staðfesti hana fyrir dóminum.

Vitnið Árni Sigmundsson kom að Lyngási 10 í lögreglubíl með Margeiri Sveinssyni til aðstoðar við þá Eggert Ólaf og Eðvar. Hann bar, að hið fyrsta, sem hann hefði orðið var við, hefði verið mikil gambralykt. Vitað hefði verið, að menn voru inni. Hægt hefði verið að sjá inn um bréflúgu og Eðvar lýst inn með vasaljósi. „Þar sem það var „klárt“ í mínum augum, að þarna var verið að spilla sönnunargögnum, braut ég þarna rúðu í bílskúrs-hurð.“ Vitnið sagði, að mennirnir inni hefðu verið að sprauta inn í ker og upp um vegg, þegar inn var komið.

Lögreglumennirnir Einar Ingimundarson og Ægir Ellertsson komu í Lyngás 10, eftir að ákærðu höfðu verið handteknir og færðir á lögreglustöð. Þeir lýstu fyrir dómi aðstæðum. Þykir dómara ekki þörf að rekja framburð þeirra að eftirfarandi undanskildu:

Vitnið Einar Ingimundarson kvaðst muna eftir tveimur 1000 lítra kerum. Hann tók fram, að þau hefðu verið u. þ. b. 1 m á kant. Hann kvaðst hafa séð rákir í kerunum, töluvert hátt, hér um bil uppi í toppi. Spurður af verjanda taldi hann, að rákirnar hefðu verið u. þ. b. 15 cm frá barmi og að þess vegna gæti verið, að vantað hefði 100–150 l á, að hvort ker væri fullt.

Forsendur og niðurstöður.

Í skýrslu sinni fyrir lögreglu viðurkenndi ákærði Valdimar Þór, að hann hefði lagt í kerin tvö. Ekki er ágreiningur um stærð þeirra, hvort um sig tók 1000 l. Ákærði játaði einnig, að hann hefði verið „að undirbúa að taka landann til meðferðar, en ætlun sín hefði verið að eima gambrann.“ Ákærði játaði fyrir lögreglu og fyrir dómi að eiga bruggunar- og eimingartækin og að

hafa smíðað sjálfur hin síðarnefndu. Þá bar ákærði Valdimar Þór fyrir lögreglu, að það hefði verið ætlun sín að selja þann landa, sem hann ætlaði að framleiða í Lyngási 10, en ekki verið búinn að ákveða verð.

Í síðari skýrslu sinni fyrir lögreglu bar ákærði Magnús Þór að „hafa aðstoðað Valdimar við að koma fyrir eimingartækjunum og kerunum, sem þeir svo lögðu í í gær“.

Fjölmörg atriði styðja það, að þessi framburður ákærðu sé réttur. Ekki hefur verið sýnt fram á eða gert líklegt, að hann hafi verið fenginn með þvingun. Ekki er heldur leitt í ljós, að ákærðu hafi jatað á sig sakir vegna hræðslu. Vætti vitna styður ofangreindan framburð ákærðu, og ber þar einkum til að nefna vætti fjögurra lögreglumanna, Eðvars Ólafssonar, Eggerts Ólafs Jónssonar, Árna Sigmundssonar og Margeirs Sveinssonar. Allir báru þeir, að gambralykt hefði lagt út úr húsnæðinu í Lyngási 10. Vitnið Árni sagði, að hún hefði verið mikil, og vitnið Eðvar, að hún hefði verið rosaleg. Gögn málsins sýna, að á bruggunarstaðnum var mikið af umbúðum undan sykri, geri og hjartarsalti, og styður það enn játningar ákærðu fyrir lögreglu. Þá er á það að líta, að framburður ákærðu fyrir dóminum er svo ótrúlegur, að kalla má, að hann sé í mörgum greinum fjarstæður. Svo er að sjá sem í möppu með mannanöfnum, símanúmerum og einstaka heimilisfangi, sem fannst í bifreið ákærða Magnúsar Þórs og ákærði Valdimar Þór kvaðst eiga, hafi verið skráðar pantanir eða sölur í lítratali og söluverð vörunnar, og er framburður ákærða Valdimars Þórs um möppu þessa fjarri skynsemd. Styður þetta enn játningar ákærðu fyrir lögreglu, einkum það atriði í skýrslu ákærða Valdimars Þórs, að hann hafi ætlað að selja þann landa, sem hann framleiddi með eimingu, 228 stk. af eins lítra plastbrúsum og þó einkum 31 stk. þeirra, sem samkvæmt skýrslu og mælingu Eðvars Ólafssonar lögreglumanns fundust í leifar af landa, bendir enn fremur til, að ákærði Valdimar Þór hafi framleitt og ætlað að framleiða landa og selt eða ætlað að selja hann.

Þegar öll ofangreind atriði koma saman, orkar ekki tvímælis, að rétt er að leggja játningar ákærðu fyrir lögreglu til grundvallar niðurstöðum í málinu.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, er sannað, að ákærði Valdimar Þór lagði í kerin tvö til bruggunar gamba og að ákærði Magnús Þór var samverkamaður hans við þetta. Einnig er sýnt af framburði ákærða Magnúsar Þórs fyrir lögreglu, að hann hefur verið með í kaupum á bruggefnum, og fyrir dómi jataði hann að hafa keypt 10 kg af geri og 80 kg af sykri auk hjartarsalts. Með þessu hafa ákærðu gerst brotlegir við 2. mgr., sbr. 1. mgr., 7. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 2. gr. laga nr. 38/1988. Framburður ákærðu

fyrir lögreglu, sem hér er byggt á, og önnur málsgögn sýna ótvírætt, að ákærðu brugguðu gambra, hæfan til framleiðslu sterks áfengis, landa, með eimingu. Verknaður ákærðu var því tilbúningur áfengis og fellur undir III. kafla áfengislaga. Skiptir hér ekki máli að mati dómara, að ekki gat farið fram mæling á styrkleika alkóhóls í gambra þeim, sem í kerunum var, sbr. 2. mgr. áfengislaga. Ákærðu hafa unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 33. gr. sömu laga, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978.

Við ákvörðun refsingar verður við það að miða, að ákærði Valdimar hafi haft frumkvæði og forsögn um verknaðinn; hann leggur út fé fyrir bruggefni, smíðar sér eimingartæki og á öll áhöld til bruggs og eimingar.

Samkvæmt vætti þriggja lögreglumanna, þeirra Eggerts Ólafs Jónssonar, Margeirs Sveinssonar og Einars Ingimundarsonar, mátti sjá á rákir í kerunum tveimur eftir yfirborð gambrans. Vætti þeirra er stutt fram lagðri ljósmynd. Vitnið Eggert Ólafur sagði, að froða hefði verið við rákina. Vitnunum bar saman um hæð rákarinnar og um það, að kerin hefðu verið nær full. Vitnisburður vitnisins Einars Ingimundarsonar var glöggur um þetta atriði. Taldi hann, að 100–150 lítra hefði getað vantað upp á, að kerin væru full. Þykir dómara rétt að miða hér við hærri töluna, þannig, að 850 l hafi verið í hvoru kerri og því 1700 l samtals.

Sannað er með játningu ákærða Valdimars Þórs fyrir lögreglu, sem studd er mörgum öðrum gögnum, að hann hefur ætlað að eima gambrann til að framleiða landa í söluskyni. Fyrir þetta er hann og ákærður. Við ákvörðun refsingar þykir dómara rétt að beita 3. mgr. 33. gr. sömu laga, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978. Er þar mælt fyrir um, að brot gegn 7. gr. áfengislaga varði fangelsi auk sektar, ef áfengið hefur verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt, sbr. og 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brot ákærða verður að teljast stórfellt, þar sem um mikið magn áfengis var að ræða.

Með játningu ákærða fyrir dómi og fyrir lögreglu, sem studd er öðrum gögnum, er brot ákærða samkvæmt II. kafla ákæru sannað. Það er í ákæru rétt fært undir lagaákvæði.

Ákærði Valdimar Þór hefur tvisvar sætt refsingu fyrir umferðarlagabrot, árin 1991 og 1995, en að öðru leyti ekki gerst brotlegur við lög, svo að vitað sé.

Ákærði Magnús Þór hefur einnig tvisvar sætt refsingu fyrir umferðarlagabrot, árin 1992 og 1993, en ekki gerst oftast brotlegur við lög, svo að vitað sé.

Refsing ákærða Valdimars Þórs Ólafssonar þykir dómara hæfilega ákvörðuð sem hér segir: Hann sæti tveggja mánaða fangelsi, en rétt þykir, að

fullnustu þeirrar refsingar verði frestað og að hún falli niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skil-orð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ákærði greiði 400.000 króna sekt í ríkissjóð, en 50 daga varðhald komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan fjögurra vikna frá lögbirt-ingu dóms þessa.

Refsing ákærða Magnúsar Þórs Bjarnasonar þykir dómara hæfilega ákvörðuð 250.000 króna sekt í ríkissjóð, en 40 daga varðhald komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Samkvæmt kröfu ákæranda ber að dæma ákærða Valdimar Þór til að sæta upptöku þeirra tækja, sem upp eru talin í ákæru, samkvæmt þeim laga-ákvæðum, sem þar eru tilgreind.

Dæma ber ákærðu til að greiða in solidum allan sakarkostnað, þar með talda málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., sem ákveðst 30.000 kr. auk virðisaukaskatts, og 30.000 kr. í saksóknar-laun í ríkissjóð.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði Valdimar Þór Ólafsson sæti tveggja mánaða fangelsi. Fullnustu þeirrar refsingar skal fresta og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Valdimar Þór greiði 400.000 króna sekt í ríkissjóð. Komi 50 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði Valdimar Þór sæti upptöku á eftirtöldum tækjum, sem lög-regla lagði hald á við rannsókn málsins: 2 stk. 1000 lítra geymar undir gambra, 2 stk. kolasíur með kolum, tunna, u. þ. b. 150 l, sem tengd var við eimingartæki, eimingartæki, u. þ. b. 110 l, 40 lítra tankur, sem tengdur var við eimingartæki, 8 stk. 70 l plastbrúsar, 20 l plastbrúsi, 30 l plastbrúsi, sem tengdur var við gambrageymana, kælipressa, sem tengd var við suðutækin, 2 stk. trektar, 228 stk. eins l plastbrúsar, slöngur, sem tengdar voru milli íláta.

Ákærði Magnús Þór Bjarnason greiði 250.000 króna sekt í ríkis-sjóð. Komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærðu, Valdimar Þór og Magnús Þór, greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talda málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 30.000 kr. auk virðisaukaskatts, og 30.000 kr. í saksóknarlaun í ríkissjóð.
